

Miðvikudaginn 1.apríl 1987.

Nr. 221/1986.

Rúnar Guðmundsson

(Valgeir Kristinsson hrl.)

gegn

Elínborgu Bárðardóttur

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Lausafjárkaup. Skaðabætur. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí 1986 og fjárnámsgerð með stefnu 24. september s.á. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefndu ásamt því að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Héraðsdóminn, sem kveðinn er upp með sérfróðum meðdómendum og eigi hefur verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta með skírskotun til forsendna hans, þó þannig að vexti skal reikna frá 20. júní 1985. Þá ber og að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð enda er því eigi haldið fram að á henni hafi verið neinir sérstakir annmarkar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð, þó svo að vextir af dæmdri kröfu, 40.000,00 krónum, reiknist frá 20. júní 1985.

Áfrýjandi, Rúnar Guðmundsson, greiði stefndu, Elínborgu Bárðardóttur, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómpings Gullbringusýslu 23. apríl 1986.

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 2. þ.m., hefur Elinborg Bárðardóttir, nnr. 1992-4920, Álftahólum 4, Reykjavík, höfðað á hendur Rúnari Guðmunds-syni, nnr. 7415-8161, Bala, Miðneshreppi.

Dómkrafa stefnanda er aðallega að stefnda verði gert að hlíta riftun á kaupum stefnanda á bifreiðinni Ö-3137, Mazda árgerð 1980, þannig að stefnda verði gert að taka við bifreiðinni gegn því að greiða stefnanda kr. 150.000,00 með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 20. júní 1985 til 1. september s.á., en með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags, ásamt málskostnaði samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Til vara gerir stefnandi þá kröfu, að stefnda verði gert að greiða kr. 70.000,00 með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 20. júní 1985 til 1. september s.á., en með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags, ásamt málskostnaði samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands úr hendi stefnanda.

II.

Með afsali, dagsettu 20. júní 1985, seldi stefndi og afsalaði stefnanda bifreiðinni Ö-8137, Mazda 323, árgerð 1980. Söluverð var kr. 150.000,00, sem stefnandi staðgreiddi með ávisun að fjárhæð kr. 120.000,00 og með því að afhenda stefnda aðra bifreið sem í kaupnum var metin á kr. 30.000,00. Uppgefið verð á afsali, kr. 100.000,00, var sett að beiðni stefnda. Hinn 20. ágúst 1985 lagði stefnandi fram kæru á hendur stefnda hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna framangreindra viðskipta þar sem í ljós hefði komið að bifreiðinni hefði verið ekið rúmlega 113.000 km í stað rúmlega 13.000 km eins og stefndi hefði upplýst. Hjá rannsóknarlögreglu gáfu skýrslur auk aðila, sem einnig gáfu skýrslur hér fyrir dómi: Magnús Hauks-son, fyrrum eiginmaður stefnanda, Hrafnhildur Sumarliðadóttir, sambýlis-kona stefnda, Theódór Georgsson, fyrrverandi eigandi umræddrar bifreiðar, Hermann Georgsson bifreiðaeftirlitsmaður, Sigurgestur Guðjónsson, tjóna-skoðunarmaður hjá Brunabótafélagi Íslands og Guðjón Einarsson bifreiða-viðgerðamaður.

Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 16. september 1985, var stefnda tilkynnt riftun kaupanna vegna vöntunar áskilinna kosta þar sem hann hefði leynt því að bifreiðin væri ekin um 113.000 km með því að segja hana einungis ekna 13.000 km.

Theodór Georgsson kvaðst hafa keypt bifreiðina nýja í maí 1980 og átt hana og ekið yfir 100.000 km þar til hún lenti í árekstri 21. apríl 1985. Þá hafi Bruna-bótafélag Íslands tekið við bifreiðinni og greitt hana út þar sem hún hafi verið dæmd ónýt. Að auki hafi bifreiðin verið að „komast í allskonar viðhald“ er óhappið varð og almennt ástand þannig að telja mætti útilokað að maður, sem hefði tekið hana til að gera upp, hefði látið sér detta í hug að ekki væri búíð að aka henni meira en það sem stóð á mælinum.

Stefndi er bifreiðaviðgerðamaður og hefur lengi starfað sem slíkur, þó án iðnréttinda. Hann rak sjálfstæða starfsemi á þeim tíma sem hér um ræðir. Hann skýrði svo frá, að hann hefði greitt kr. 50.000,00 fyrir bifreiðina. Auk nokkurs varahluta- og efniskostnaðar hefðu um 60-70 stundir farið til þess verks að gera bifreiðina upp og var þar einkum um að ræða réttingavinnu og sprautun. Hann kvað söluverðið hafa ráðist af upplýsingum sem hann aflaði sér hjá bifreiðaumboði og bifreiðasölum, og áður hefði honum borist tilboð um kaup bifreiðarinnar fyrir kr. 160.000,00. Hann kvaðst ekki hafa velt fyrir sér hvað bifreiðinni hefði raunverulega verið ekið mikið. Stefnandi hafi skoðað bifreiðina tvívegis áður en kaupin voru gerð og í síðara skiptið ásamt Magnúsi Haukssyni. Er hún hafi spurt um aksturslengd hefði hann bent á kílómetramæli bifreiðarinnar og sagt að hann vissi ekki frekar um það hve mikið henni hefði verið ekið.

Stefnandi kvaðst hafa þekkt stefnda og Hrafnhildi sambýliskonu hans lengi og vitað að stefndi gerði upp „tjónabíla“. Sjálf kvaðst hún hafa mjög lítið vit á bifreiðum, en Hrafnhildur hefði bent henni á umrædda bifreið og sagt hana vera góða og aðeins ekna 13.000 km. Við reynsluakstur hefði hún fundið að vélartengsl voru biluð og að ólag var á ljósabúnaði. Hún kvaðst hafa treyst fullkomlega stefnda og Hrafnhildi, sem hafi ítrekað fullyrt, saman og sitt í hvoru lagi, að bifreiðin væri mjög lítið ekin og svarað neitandi spurningu um það hvort hugsast gæti að henni hefði verið ekið meira en mælir sýndi. Hún kvaðst hafa kvartað við stefnda nokkrum dögum eftir kaupin, aðallega vegna þess að í ljós kom, að bifreiðinni hafði verið ekið 113.000 km. Hún kvaðst ekki hafa viljað þiggja boð hans um að gera við rafkerfi og vélartengsl.

Magnús Hauksson skýrði svo frá að hann hefði verið viðstaddur er gengið var frá kaupum bifreiðarinnar. Hann kvaðst ítrekað hafa spurt stefnda hvort ekki væri búíð að aka bifreiðinni meira en mælir sýndi og hafi stefndi stöðugt fullyrt að svo væri ekki. Hrafnhildur Sumarliðadóttir hafi einnig fullyrt að ekki væri búíð að aka bifreiðinni nema rúmlega 13.000 km. Hann kvaðst sjálfur ekki hafa mikið vit á bifreiðum. Umrædd bifreið hafi ekki reynst gangfær nema í nokkra daga en þá verið lagt og ekki verið í ökufæru ástandi síðan.

Hrafnhildur Sumarliðadóttir bar því í gegn að hún hefði á einhvern hátt fullyrt við stefnanda eða Magnús Hauksson hve mikið bifreiðinni hefði verið ekið, enda ekki vitað annað en það sem stóð á kílómetramæli.

Hermann Georgsson kvaðst hafa skoðað bifreiðina að beiðni stefnanda nokkrum dögum eftir að hún keypti hana. Hann kvað aðra hlið og báða enda greinilega hafa verið viðgerð, en mjög illa. Hann kvaðst telja útilokað annað en að stefndi hefði gert sér grein fyrir því að bíúð væri að aka bifreiðinni mun meira en 13.000 km. Hann áætlaði söluverð (við skýrslugjöf 21.9. 1985) kr. 80.000,00.

Guðjón Einarsson kvaðst hafa verið fenginn til að skoða umrædda bifreið í júní 1985. Hann kvaðst telja að ekki hefði getað farið fram hjá neinum, sem eitthvað þekkti til bifreiða, að bíúð væri að aka bifreiðinni miklu meira en á mælinum stóð. Það hefði m.a. sést á sliti á sætum, teppum og hjólbörðum. Hann áætlaði söluverð kr. 80.000,00 - kr. 90.000,00 miðað við helmings útborgun.

Dómendur hafa skoðað bifreiðina sem um ræðir í máli þessu.

III.

Stefnandi reisir aðalkröfu sína á því að stefndi hafi beitt hana sviksamlegri launung með því að fullvissa hana um að bifreiðinni hefði aðeins verið ekið 13.000 km þótt honum hlyti að hafa verið ljóst sem reyndum bifreiðaviðgerðarmanni að bifreiðinni hefði verið ekið meira en 100.000 km. Auk þess hafi stefndi blekkt stefnanda til að treysta því að bifreiðin væri í lagi að öðru leyti, þ.e. að vélartengsl og rafkerfi væri í eðlilegu lagi. Telur stefnandi að þetta hvort tveggja leiði til þess samkvæmt 42. gr. laga nr. 39, 1922 að hún eigi rétt til þess að rifta kaupin. Varakröfu sína byggir stefnandi á því, telji dómurinn riftun eigi tæka, að verðmæti bifreiðarinnar hafi verið metið af kunnáttumönnum kr. 80.000,00 og því eigi hún rétt til afsláttar að fjárhæð kr. 70.000,00. Um lagarök fyrir kröfum sínum vísar stefnandi til laga um lausafjárkaup nr. 39, 1922 og samningalaga nr. 7, 1936.

Af hálfu stefnda er málsástæðum og lagarökum stefnanda mótmælt og sérstaklega að stefndi hafi beitt blekkingum eða sviksamlegri launung við kaupin. Stefndi hafi aðeins sagt að hann vissi ekki annað en það sem kílómetramælir sýni, og hafi stefnanda mátt vera ljóst að bifreiðinni hefði allt eins verið ekið 113.000 km. Stefnandi hafi haft rúman tíma til að kynna sér ástand bifreiðarinnar áður en hún keypti hana og henni hafi verið fullkunnugt að bifreiðin hafi lent í árekstri og stefndi gert við hana áður en hún var seld.

IV.

Það er álit dómsins að ekki hafi verið sannað að atvik málsins séu með þeim hætti að fallast beri á kröfu stefnanda um riftun samkvæmt 1. mgr. 42. gr.laga nr. 39, 1922 eða ákvæðum laga nr. 7, 1936, sem af stefnanda hálfu er vitnað til án nánari skilgreiningar. Ber því að sýkna stefnda af aðalkröfu stefnanda.

Stefnandi komst að því við skoðun áður en frá kaupum var gengið að vélartengsl og rafkerfi bifreiðarinnar, sem um ræðir í málinu, voru í ólagi.

Stefnda mátti vera ljóst að ekki gat verið rétt að bifreiðinni hefði aðeins verið ekið um 13.000 km heldur hlaut þar að muna a.m.k. 100.000 km. Stefndi hafði réttmæta ástæðu til að treysta því að stefndi, vegna kunnings- skapar og starfsreynslu hans að bifreiðaviðgerðum, mundi ekki draga dul á hvað rétt væri um þetta þýðingarmikla atriði. Vegna þessa þykir rétt að stefndi bæti stefnanda fé sem að álitum og með hliðsjón af verði bifreið- arinnar, sem um samdist með aðilum þykir hæfilega ákvarðað kr. 40.000,00.

Niðurstaða máls þessa verður samkvæmt framangreindu sú, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 40.000,00, ásamt 24% ársvöxtum frá 1. mars 1985 til 1. maí s.á., en 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, en 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Dæma ber stefnda til greiðslu málskostnaðar, kr. 20.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari og meðdómendurnir Sigurður Helgason og Valgarður Zóphóníasson bifvéla- virkjameistarar.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Rúnar Guðmundsson, greiði stefnanda, Elínborgu Bárðar- dóttur, kr. 40.000,00, ásamt 24% ársvöxtum frá 1. mars 1985 til 1. maí s.á., en 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, en 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðslu- dags og kr. 20.000,00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Gullbringusýslu 3. september 1986.

„Ár 1986, miðvikudaginn 3. sept. var fógetaréttur Gullbringusýslu settur að Bala Miðneshreppi og haldinn af Ásgeiri Eiríkssyni fulltrúa. Fyrir er tekið fógetaréttarmálið nr. A 624/1986: Elínborg Bárðardóttir gegn Rúnari Guðmundssyni nnr. 7415-8161.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Ásgeir Þór Árnason ftr., Kristján Stefánsson hdl. og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm aukadómþings Gullbringu- sýslu dags. 23.4. 1986 og krefst fjárnáms fyrir kr. 40.000 auk 24% ársvaxta frá 1.3. 1985 eins og greinir í dskj.nr. 2 til 1.5. s.á., en 22% ársvaxta frá þ.d. til 1.3. 1986, en 12% frá þ.e. til 1.4. s.á., en 8% ársv. frá þ.d. til greiðslu- dags. Kr. 1.250 í endurrís- og birtingarkostnað, kr. 20.000 í málskostnað, auk kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðar- beiðanda.

Gerðarþoli er ekki mættur en fyrir hann mætir Sigríður Sigvaldsdóttir (sic) að tilhlutan fógeta og gætir fógeti leiðbeiningarskyldu gagnvart mætta. Fógeti skorar á mætta að greiða umkrafða skuld, hún kveðst ekki greiða. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gerir fógeti fjárnám í bifreiðinni Ö-4126, Chevrolet Malibu árg.. 1979 eign gerðarþola.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar. Fógeti mun taka að sér að tilkynna gerðarþola um gerðina og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt í bága við gjörð þessa, að viðlagðri refsíábyrgð að lögum. Þannig fram farið.

Miðvikudaginn 1. apríl 1987.

Nr. 133/1986. **Guðmundur Víðir Vilhjálmsson**

(Þórólfur Kr. Beck hrl.)

gegn

Mjólkursamsölunni í Reykjavík

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

og Erlingi Steingrímssyni

(enginn)

Máli að hluta vísað frá Hæstarétti. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. apríl 1986. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda Mjólkursamsölnnar og að hún verði dæmd til þess að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann gerir engar kröfur á hendur stefnda Erlingi, og ber því að vísa málinu frá Hæstarétti að því er hann varðar.

Af hálfu stefnda Mjólkursamsölnnar var í greinargerð til Hæstaréttar gerð krafa um að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur gagnvart áfrýjanda og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti hefur